



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 66

Aðalstræti 8

Fjalakötturinn

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjallasafn nr. 66

Aðalstræti 8 - Fjalakötturinn

Gögn afhent Borgarskjalasafni 30. desember 1994 af Tryggva Hjörvar, Austurbrún 35, Reykjavík.

Aðalstræti 8 – Fjalakötturinn voru nokkur sambyggð hús með porti eða gangi í því miðju sem tengdi byggingarnar saman.

Fyrsta húsið er talið reist um 1791, en síðar var byggt við það og hækkað í mörgum áföngum. Líklega er húsið búið að fá endanlegt útlit um 1893.

Það var rífið 1985.

Í húsinu var meðal annars fyrsti leikhússalur landsins, þar sem haldnar voru alls konar samkomu og skemmtanir. Þar var rekið kvikmyndahús frá 1906 til 1927, nefnt Reykjavíkur Biograftheater og síðar Gamla bíó.

Fjalakötturinn hýsti ýmis konar starfsemi, m.a. aðalbækistöð Kommúnistaflokks Íslands og Goodtemplara.

Verslunarrekstur var lengst af stundaður þar og íbúðir voru jafnan í húsinu. Þar bjuggu t.d. Jónas Hallgrímsson, Benedikt Gröndal, Valgarður Ó. Breiðfjörð og fjölskylda Helga Hjörvar, sem var faðir Tryggva Hjörvar. Helgi var umsjónarmaður húseignarinnar Aðalstræti 8 og gjaldkeri.

Húsið fékk nafngiftina Fjalakötturinn, sökum þess að ekki þótti vandað til við smíði hússins.

Skjalaskrá

Askja 1

Höfuðbók fyrir húseignina við Aðalstræti 8 yfir innheimta húsaleigu, útgjöld fyrir aðgerðir o.fl. 1914-1931.

Höfuðbók fyrir húseignina við Aðalstræti 8 yfir innheimta húsaleigu o.fl. 1931-1935.

Leiguskrá eða yfirlit yfir leigutekjur og greiðendur þeirra 1921-1922.

Ýmislegt um leigu 1922-1931: Tillögur um leiguhæð með hita, yfirlit um stöðu leigjenda gagnvart húseigninni Aðalstræti 8, fylgiskjöl o.fl.

Ýmis fylgiskjöl varðandi húsaleigu 1923-1929: Kvittanir fyrir umsjónarlaunum fyrir Aðalstræti 8, yfirlit um reikningsskil fyrir Aðalstræti 8, innkomin húsaleiga, reikningar o.fl.

Leigutekjur, uppgjör – dagbók 1926-1930.

Fullnaðarskilagrein leigutekna og greiddra reikninga 4.8.1944 fyrir árin 1931-1944.

Leigusamningur um Breiðfjörðssal til Trésmiðjunnar „Fjölni“ 1936.

Húsaleigukvittanir og fylgiskjöl varðandi „Fjölni“ 1936-1942.

Miðstöðvarreikningar og önnur fylgiskjöl 1931-1942. vegna kolakaupa, ljósa í porti, hirðingu á miðstöð, ræstingu í „sameign“ o.fl.

Pakki merktur „útsvör og skattar“, inniheldur teikningar, ljósmyndir, kort o.fl. frá ca. 1916-1945.

Ýmis fylgiskjöl og bréf 1929-1942.

Leigjendaskrá Aðalstrætis 8, árið 1942.

Ýmsar ljósmyndir (ath.).

Sjóðbók yfir leigutekjur fyrir Aðalstræti 18, 1914-1915.

Innlánsbók/viðskiptabók og fylgiskjöl fyrir Suðurgötu 6, 1914-1925.

Blaðaúrklippa um Fjalaköttinn frá 1976.

Skráð Guðjón Indriðason